

Enn lét hann hvítt öl í kvartelið. Af þessu segist hann hafa orðið drukkinn. Hér virðist því vera um brugg að ræða, og ber því að færa brotið undir 6. gr. sbr. 30. gr. i hegningarlögunum (sic) og dæma kærða til að greiða 500 kr. í sekt og kemur einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ákærður verður eigi dæmdur til að greiða skaðabætur, þar sem þess hefur eigi verið krafizt.

Ákærður greiði allan kostnað, sem leiðir af rannsókn þessa máls og yfir höfuð af málinu, þar á meðal 50 kr. til hins skipaða talsmanns, fyrrverandi bæjarfógeta Steingrims Jónssonar.

Mánudaginn 18. janúar 1937.

Nr. 92/1936. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)

gegn

Geir H. Zoëga og

Stefáni Má Benediktssyni

(Lárus Fjeldsted).

Tveir menn dæmdir til refsingar fyrir brot gegn
4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði Geir Helgason Zoëga greiði til landhelgisjóðs Íslands 10.000 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Stefán Már Benediktsson greiði til landhelgisjóðs Íslands 2500 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlauð kr. 200 til skipaðs verjanda hinna kærðu, hrm. Lárusar Fjeldsted, greiði kærði Geir H. Zoëga að $\frac{1}{10}$ hlutum, en hinir kærðu in solidum að $\frac{1}{10}$ hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærður Geir H. Zoëga hefir neitað því, að í loft-skeytum hans til 5 belgiskra togara, sem í héraðs-dóminum greinir, hafi falizt upplýsingar um ferðir varðskipanna. Með því að ekki hefur reynzt unnt að afla dulmálslykils að skeytum þessum, verður ekki gegn neitun kærða talið sannað, að þau hafi haft slíkar upplýsingar að geyma. Þá vantar og ennfremur dulmálslykil að skeytaviðskiptum kærða og 5 brezkra togara og að skeytum þeim, er hann hefur sent til sinnnefnisins „Aquarius“ í Grimsby, en skeytin til þessara 5 siðarnefndu togara og skeytin til „Aquarius“ eru send á sama dulmáli. Kærður kveðst ekki minnast þess að hafa sent upplýsingar um ferðir varðskipanna til útlanda og um efni skeyta þeirra, sem hann hefur sent togurum þessum, hefur hann gefið óákveðin svör. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að kveða á um það, að lögbrot hafi verið drýgð með sendingu skeyta þessara. Með dulmálslykli, sem kærður hefur afhent lögreglunni, hafa hinsvegar verið ráðin dulmálsskeyti, sem farið hafa milli kærðs og 9 brezkra togara. Hefur á þennan hátt svo og með játningu kærða sannazt, að kærður hafi rekið fyrir téða togara mjög yfirgripsmikla upplýsingastarfsemi um ferðir og dvalarstaði varðskipanna hér við land. Með atferli þessu hefur kærður gerzt sekur um brot gegn 4. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing kærða, með tilliti til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 48.75 aurar, hæfilega metin 10.000 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi 165 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Stefán Már Benediktsson hefur ekki gagnvart eigendum eða skipstjórum togaranna tekizt á hendur að afla upplýsinga um varðskipin og ferðir þeirra, heldur einungis sent togurunum slíkar upplýsingar um stuttan tíma að boði húsbónda síns og í fjarveru hans. Með hliðsjón af þessu þykir refsing kærða Stefáns Má s hæfilega metin 1500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma hina kærðu til að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og hæstarétti, þar með taldar 200 krónur til talsmanns þeirra í héraði og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors, þannig að kærði Geir H. Zoëga greiði $\frac{1}{10}$, en hinir kærðu greiði in solidum $\frac{1}{10}$ hluta.

Því dæmist rétt vera:

Kærður Geir H. Zoëga greiði 10.000 króna sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi 165 daga einfalt fangelsi stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Stefán Már Benediktsson greiði 1500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 200 krónur í málsvarnarlaun til tals-

manns þeirra í héraði, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors, þannig, að kærður Geir H. Zoëga greiði $\frac{1}{10}$ og kærðir Geir H. Zoëga og Stefán Már Benediktsson greiði in solidum $\frac{1}{10}$ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Geir Helgasyni Zoëga, kaupmanni, Hverfisgötu 59 hér í bænum, og Stefáni Má Benediktssyni, skrifstofumanni, Bergstaðastræti 52 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir brot gegn fiskiveiðalöggjöfinni.

Hinn 1. janúar 1934 gerðist kærði Geir H. Zoëga umboðsmaður togaraeigenda í Grimsby og hefir hann gegnt því starfi síðan, en eins og kunnugt er veiða margir togarar frá þessari ensku borg hér við land. Síðan kveður kærði skipstjórana á ýmsum togurum innan umboðs síns hafa farið fram á það við sig að veita þeim upplýsingar um varðskipin hér við land með loftskeytum á dulmáli, svo að þeir gætu hagað landhelgiveiðum sínum eftir því. Tókst kærði þetta á hendur og fékk í því skyni afhenta dulmálslykla, er skipstjórnirnar útveguðu hjá útgerðarfélögunum. Höfst upplýsingastarfsemi þessi síðan í desembermánuði 1934, og hélt kærði henni stöðugt áfram, unz réttarrannsókn hófst í máli þessu í byrjun janúarmánaðar s.l., en þá játaði kærður þennan verknað sinn viðstöðulaust og afhenti dulmálslykil, er hann þá hafði í notkun.

Loftskeyti þau, sem farið hafa á milli kærða og skipa þeirra, er hann hefir haft umboð fyrir, hafa verið tekin

úr skjalasafni Landssímans til rannsóknar og afnota í máli þessu. Við þá athugun hefir komið í ljós, að kærði hefir sent til togaranna mesta fjölda loftskeyta á dulmáli, og hefir með dulmálslykli þeim, sem kærði afhenti, tekizt að ráða skeyti hans við 9 togara, er allir hafa fengið meiri og minni upplýsingar um varðskipin, ferðir þeirra og dvalarstaði, og sumar mjög tíðar. Hefir sami togarinn stundum fengið mörg skeyti á dag um þetta efni.

Þá hafa og menn þeir, er unnið hafa sem aðstoðarmenn dómarsins að athugunum á loftskeytum þessum, ráðið skeyti til 4 annarra togara enskra með þeirri niðurstöðu, að einnig þau fælu í sér upplýsingar um varðskipin. Við þessi skip kveðst kærði hafa notað annan dulmálslykil en við þá 9 togara, er að framan greinir. Hefir kærði eigi mótmælt því, að hafa sent einnig þessum togurum upplýsingar um varðskipin og ekki véfengt fyrrgreinda ráðningu á skeytunum. Loks hafa sömu menn ráðið dulmálsskeyti kærða til belgiskra togara með sömu niðurstöðu. En kærði hefir neitað því, að hann hafi sent þessum togurum upplýsingar um varðskipin og véfengt ráðninguna, að því, er þá snerti.

Kærði Geir H. Zoëga kveðst hafa unnið starf þetta án aðstoðar annarra. En er hann um mánaðarskeið haustið 1935 dvaldi erlendis, fól hann skrifstofumanni sínum, meðkærða Stefáni Má, að rækja það í fjarveru sinni. Tókst kærði Stefán Már þetta á hendur og virðist hann hafa rækt það á sama hátt og vant var þetta tímabil.

Eigi kveðst kærði Geir H. Zoëga hafa fengið neina aukabókun fyrir starf þetta, aðra en útlagðan kostnað, og eigi er talið, að kærði Stefán Már hafi fengið nema venjulegt kaup sitt þann tíma, sem hann gegndi því.

Framangreind starfsemi hinna kærðu, sem er til þess fallin bæði að liðsinna togurum þeim, sem upplýsinganna nutu, við landhelgiveiðar og forða þeim undan hegningu fyrir framin landhelgibrot, varðar við 4. gr. laga nr. 5, 1920.

Refsing kærða Geirs H. Zoëga þykir með hliðsjón af því, hversu langvarandi og umfangsmikil þessi upplýsingastarfsemi hans er, og með tilliti til núverandi gullgengis krónunnar hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til land-

helgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að kærði Stefán Már gegndi starfi þessu samkvæmt beiðni yfirboðara síns aðeins takmarkaðan tíma, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2500 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 200, til skipaðs verjanda hinna kærðu, hrm. Lárusar Fjeldsted, greiði hinir kærðu þannig, að kærði Geir H. Zoëga greiði einn $\frac{9}{10}$ hluta sakarkostnaðar, en $\frac{1}{10}$ hluta hans greiði hinir kærðu in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Miðvikudaginn 20. janúar 1937.

Nr. 93/1936. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)
gegn

Óskari Gunnari Jóhannssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 4. gr.
laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði, Óskar Gunnar Jóhannsson, greiði til landhelgisjóðs Íslands 5000 kr. sekt, og komi einfalt fangelsi í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með tilliti til þess, að dagsgengi íslenzkrar krónu